

# Áætlun Félagsvísindasviðs (FVS) í jafnréttismálum

## Leiðarljós

Leiðarljós jafnréttisstefnu Félagsvísindasviðs 2017-2020 er að innan FVS sé jafnræði og jafnrétti virt í hvívetna og *allir einstaklingar hafi tækifæri til að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína án nokkurrar mismununar. Mismunun er þegar einstaklingur sem tilheyrir tilteknum hópi fær óhagstæðari meðferð en einstaklingur af öðrum hópi.*

Jafnréttisáætlun Félagsvísindasviðs byggist á jafnréttisáætlun Háskóla Íslands 2013-2017 og eru meginmarkmið hennar útfærð fyrir FVS. Jafnréttisáætlun Háskóla Íslands grundvallast á jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar og alþjóðasamningum svo sem samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og Mannréttindasáttmála Evrópu. Jafnréttisáætlun FVS byggir enn fremur á lögum nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og lögum nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks.

## Meginmarkmið

Jafnréttisáætlun Félagsvísindasviðs nær til alls starfsfólks FVS, nemenda, og annarra sem tengjast starfsemi þess. Hver einstaklingur er metinn á eigin forsendum. Allir þeir einstaklingar sem áætlunin nær til bera ábyrgð á að koma í veg fyrir mismunun og að skapa háskólasamfélag sem einkennist af virðingu, skilningi og umburðarlyndi. Áætlunin inniheldur markmið og aðgerðir til að samþætta kynja- og jafnréttissjónarmið, ásamt starfsáætlun<sup>1</sup> og orðskýringum.

Markmið	Aðgerðir
Hlúa að fjölbreyttum mannauði FVS og stuðla að enn meiri fjölbreytni	<ul style="list-style-type: none"><li>Gæta þess í öllu starfi að mismuna ekki einstaklingum beint eða óbeint.</li><li>Birta á tveggja ára fresti gögn um bakgrunn, s.s. kyn, aldur, menntun, kennslustundir, rannsóknarstig, styrkumsóknir og styrkveitingar, og framgang starfsfólks.</li><li>Fræðsla fyrir starfsfólk um fjölbreytileika einstaklinga þar sem fjallað er um samskipti fólks í ólíkri stöðu.</li><li>Stuðla að starfsumhverfi sem laðar að starfsfólk og nemendur með fjölbreyttan bakgrunn.</li><li>Nýta fyrirbyggjandi þekkingu á vinnuálagi á einstaka hópa starfsfólks FVS til að bæta starfsskilyrði.</li></ul>
Gæta jafnræðis við auglýsingar og ráðningar í störf	<ul style="list-style-type: none"><li>Auglýsingar um störf skulu unnar út frá jafnréttissjónarmiðum</li><li>Stjórnendur vinna markvisst að því að halda sem jöfnustu hlutfalli kynjanna í störfum, sérstaklega í stjórnunar- og áhrifastöðum.</li><li>Við stöðuveitingar skal tekið tillit til jafnréttissjónarmiða.</li><li>Brjóta upp staðalmyndir ólíkra hópa við gerð kynningarefnis.</li></ul>

<sup>1</sup> Með jafnréttisáætlun Félagsvísindasviðs fylgir sundurliðuð starfsáætlun sem jafnréttisnefnd yfirfer árlega og uppfærir eftir þörfum ásamt orðskýringum. Sjá viðauka I og II.

Að kynningar- og markaðsefni deilda endurspegli ólíka hópa og höfði til fjölbreytileikans.

- Kynna deildir og námsbrautir þannig að efnið höfði til fjölbreyttra hópa.
- Nota myndbönd við gerð kynningarefnis og tryggja að efni verði aðgengilegt með notkun lesvéla eins og kostur er.

Að tryggja aðgengi fatlaðs fólks

- Fræðsla fyrir starfsfólk um réttindi fatlaðs fólks og misrétti.
- Virða samninga um sérúrræði nemenda og leitast við að mæta nemendum með sérþarfir.
- Stofna vinnuhóp um algilda hönnum þar sem lögð er áhersla á að fyrirkomulag náms og kennsluhættir gagnist sem flestum.
- Opinberir viðburðir, fundir og samkomur á vegum Félagsvísindasviðs eru haldnar í húsnæði með aðgengi fyrir fatlað fólk.
- Upplýsingar um viðburði, fundi og samkomur eru gerðar aðgengilegar og settar fram á fjölbreyttu formi.
- Hljóðkerfi notað við kennslu þar sem auðið er.
- Tryggja að upplýsingar um nám verði gerðar aðgengilegar lesvélum.

Fyrirbyggja samskiptavanda og einelti, kynbundið ofbeldi, kynbundna áreitni og kynferðislega áreitni

- Fylgja verklagsreglum og aðgerðaáætlun í innri samskiptum Félagsvísindasviðs um viðbrögð við samskiptavanda, ámælisverðri hegðun og einelti á vinnustað þegar mál eru tilkynnt.
- Fræðsla fyrir starfsfólk og nemendur um klámvæðingu og kynferðislega áreitni.
- Fylgja verklagsreglum (jafnretti.hi.is) um viðbrögð við kynbundinni og kynferðislegri áreitni þegar mál eru tilkynnt.

Taka fullt tillit til kynja- og jafnréttissjónarmiða í víðum skilningi við skipulag:

- náms og kennslu
- rannsóknastarfs
- framkvæmd stjórnarsýsluverkefna

- Fræðsla fyrir kennara um fjölbreytta kennsluhætti sem taka mið af fjölbreyttum hópi nemenda
- Að nemendur taki virkan þátt í stefnumótun jafnréttisstefnu með þátttöku í jafnréttisnefnd.
- Stuðla að aukinni meðvitund alls starfsfólks og nemenda FVS um ólíka stöðu mismunandi einstaklinga og hópa í samfélaginu.
- Hlutfall kvenna og karla sé ekki minna en 40% þegar um fleiri en þrjú fulltrúa er að ræða í nefndum, ráðum og stjórnun.
- Taka skal mið af ólíkum sjónarmiðum, reynslu og fjölbreyttum viðhorfum eftir því sem við á í innra starfi nefnda, stjórna, ráða, starfshópa og hvers kyns vinnuhópa.
- Fræðsla fyrir nemendur um jafnréttismál þar sem m.a. skal lögð áhersla á að fjalla um jafna þátttöku í samfélaginu, svo sem í fjölskyldu og atvinnulífi.
- Kanna með hvaða hætti kennslu- og námsgögn eru úr garði gerð m.t.t. fjölbreytileikans.

Próa kynjaða fjárhags-áætlunargerð/kynjaða hagstjórn (sanngjarna skiptingu fjármuna)

- Fræðsla fyrir starfsfólk um kynjaða fjárhagsáætlanagerð.
- Beita kynjasambættingu við gerð fjárhagsáætlana og við úthlutanir úr einstökum sjóðum/verkefnum Félagsvísindasviðs.
- Meta skal áhrif fjárhagsáætlunar á margbreytileika mismunandi þjóðfélagshópa til að endurskipuleggja bæði tekju- og gjaldahlið fjárhagsáætlana á grundvelli jafnréttissjónarmiða.

## Starfsáætlun og ábyrgð

Starfsáætlun jafnréttisstefnu er endurskoðuð árlega og er lagt mat á hvort markmiðum hennar hafi verið náð. Forseti Félagsvísindasviðs ber ábyrgð á því að jafnréttisstefnu sé framfylgt og viðhaldið.

Jafnréttisnefnd er skipuð með erindisbréfi af forseta Félagsvísindasviðs í samráði við forseta deilda og fundar reglulega. Í jafnréttisnefnd sitja fulltrúar frá hverri deild ásamt fulltrúa stjórnslu. Auk þeirra eiga nemendur fulltrúa í nefndinni. Jafnréttisnefnd starfar í umboði forseta Félagsvísindasviðs.

Helstu verkefni jafnréttisnefndar eru:

- Að tryggja framgang stefnu og starfsáætlunar í jafnréttismálum, fylgja eftir verkefnum og meta árangur af aðgerðum.
- Að vinna að stefnumörkun í jafnréttismálum, undirbúa reglulega endurskoðun starfsáætlunar í jafnréttismálum og jafnréttisstefnunnar með hliðsjón af hlutverki og stefnu Félagsvísindasviðs og Háskóla Íslands, ákvæðum jafnréttislaga og reynslu og árangri Félagsvísindasviðs.
- Að veita starfsmönnum og nemendum upplýsingar um jafnréttismál.



um samþættingu jafnréttissjónarmiða í kennslu og rannsóknum.

Yfirfara auglýsingar þegar auglýst er eftir starfsfólki.

Viðvarandi

Jafnréttisfulltrúi  
Formaður jafnréttisnefndar

Yfirfara með hvaða hætti kennslu- og námsgögn eru úr garði gerð m.t.t. fjölbreytileikans.

Árlega

Formaður jafnréttisnefndar  
Jafnréttisfulltrúi

Kynna jafnréttisstefnu fyrir nýju starfsfólki.

Árleg innkoma í deildir  
FVS

Mannauðsstjóri  
Jafnréttisfulltrúi

Skoða tilnefningar í nefndir, starfshópa o.fl.

Viðvarandi

Jafnréttisfulltrúi

Skoða kynningarefni deilda, stofnana og sviðs

Árlega

Jafnréttisfulltrúi

Við endurskoðun á deililíkani sé horft til jafnréttissjónarmiða

Árlega

Forseti Félagsvísindasviðs

Eftirfylgni með fyrirkomulagi kennslu með sérstöku tilliti til fatlaðra nemenda.

Viðvarandi

Jafnréttisfulltrúi  
Kennslustjóri

Undirbúa nemendaverkefni í samstarfi við Reykjavíkurborg

Viðvarandi

Jafnréttisfulltrúi  
Kennslustjóri

Undirbúa möguleg nemendaverkefni í námskeiðinu "Hagnýting jafnréttisfræða"

Nóvember -Desember

Formaður jafnréttisnefndar  
Jafnréttisfulltrúi  
Umsjónarmaður námskeiðs

## Viðauki II – Orðskýringar

1. Kynbundin áreitni er hegðun sem tengist kyni þess sem fyrir henni verður, er í óþökk viðkomandi og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi og skapa aðstæður sem eru ógnandi, fjandsamlegar, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi fyrir viðkomandi (1. gr. laga nr. 62/2014).
2. Kynferðisleg áreitni er hvers kyns kynferðisleg hegðun sem er í óþökk þess sem fyrir henni verður og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi, einkum þegar hegðunin leiðir til ógnandi, fjandsamlegra, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi aðstæðna. Hegðunin getur verið orðbundin, táknræn og/eða líkamleg (1. gr. laga nr. 62/2014).
3. Kynbundið ofbeldi er ofbeldi á grundvelli kyns sem leiðir til eða gæti leitt til líkamlegs, kynferðislegs eða sálræns skaða eða þjáninga þess sem fyrir því verður, einnig hótun um slíkt, þvingun eða handahófskennda sviptingu frelsis, bæði í einkalífi og á opinberum vettvangi (1. gr. laga nr. 62/2014).
4. Klámvæðing merkir að sífellt er daðrað við tákmyndir og tilvísanir kláms í dæguferni þannig að mörkum hins „eðlilega“ og leyfilega er stöðugt ögrað og þau víkkuð út. Andstaða gegn klámi og klámvæðingu byggist ekki á andstöðu við nekt og kynlíf heldur þá mynd af kynverund kvenna og karla sem þar er dregin upp og gjarnan byggist á ofbeldi, hlutgervingu og valdatengslum. Þessi þróun teygir anga sína inn í skólakerfið, félagslíf nemenda og tómstundaviðburði. Háskólasamfélagið er hér ekki undanskilið (Jafnréttisstofa, e.d.).
5. Einelti er síendurtekin hegðun sem almennt er til þess fallin að valda vanlíðan hjá þeim sem fyrir henni verður, svo sem að gera lítið úr, móðga, særa eða ógna viðkomandi eða að valda honum ótta. Skoðanaágreiningur eða ágreiningur vegna ólíkra hagsmuna fellur ekki hér undir (3. gr. reglugerðar nr. 1009 frá 4. nóvember 2015)
6. Í 2. mgr. 1. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks segir: Til fatlaðs fólks teljast m.a. þeir sem eru með langvarandi líkamlega, andlega eða vitsmunalega skerðingu eða skerta skynjun og sem verða fyrir ýmiss konar hindrunum sem geta komið í veg fyrir fulla og virka samfélagsþátttöku til jafns við aðra. Í formála kemur fram: Ríkin, sem eiga aðild að samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks viðurkenna að hugtakið fötlun þróast og að fötlun verður til í samspili fólks með skerðingar og umhverfis og viðhorfa sem hindra fulla og árangursríka samfélagsþátttöku til jafns við aðra. Í 4. mgr. 3. gr. segir enn fremur: Í samningnum er áhersla á virðingu fyrir fjölbreytileika og viðurkenning á fötluðu fólki sem hluta af mannlegum margbreytileika og mannkyni. Sjá <http://www.althingi.is/altext/145/s/1637.html>
7. Þegar rætt er um aðgengi fyrir fatlað fólk er vísað til eftirfarandi:
  - Aðgengi að mannvirkjum er mikilvægt og við skipulag bygginga og þjónustu er nauðsynlegt að réttur fatlaðs fólks til þátttöku í samfélaginu sé virtur og að tillit sé tekið til sjónarmiða og þarfa þeirra.
  - Aðgengi að upplýsingum og samskiptum er mikilvæg forsenda þess að fatlaður einstaklingur geti verið raunverulegur þátttakandi í

lýðræðisþjóðfélagi. Að hafa aðgengi að upplýsingum sem nauðsynlegar eru til að mynda sér sjálfstæða skoðun og taka ákvarðanir byggðar á þeim skoðunum (Mannréttindaskrifstofa, e.d.)

8. Í kynjasambættingu felst að skipuleggja, bæta, þróa og leggja mat á stefnumótunarferli þannig að sjónarhorn kynjajafnréttis sé á öllum sviðum fléttað inn í stefnumótun og ákvarðanir þeirra sem alla jafna taka þátt í stefnumótun í samfélaginu (Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008).
9. Mismunun er þegar einstaklingur sem tilheyrir tilteknum hópi fær óhagstæðari meðferð en einstaklingur af öðrum hópi fær, hefur fengið eða mundi fá við sambærilegar aðstæður eða þegar að því er virðist hlutlaust skilyrði, viðmið eða ráðstöfun kemur verr við einstakling vegna kynþáttar eða þjóðernisuppruna borið saman við annan einstakling nema slíkt sé unnt að réttlæta á málefnalegan hátt með lögmætu markmiði og aðferðirnar til að ná þessu markmiði eru viðeigandi og nauðsynlegar.
10. Kynjasjónarmið eru höfð að leiðarljósi á öllum stigum fjárlagaferilsins (eða áætlunargerðar) og tekjur og útgjöld endurskoðuð í þeim tilgangi að stuðla að jafnrétti kynjanna, með því að gera ráð fyrir þörfum og forgangsmálum (ólíkra hópa) kvenna og karla, með ólík hlutverk þeirra á heimili, vinnustað og í samfélaginu í huga (Jafnréttisstofa, e.d.).
11. Algildir kennsluhættir byggja á eftirfarandi skilgreiningu úr 2. grein samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks: „algild hönnun“ merkir hönnun framleiðsluvara, umhverfis, áætlana og þjónustu, sem allir geta nýtt sér, að því marki sem mögulegt er, án þess að koma þurfi til umbreyting eða sérstök hönnun. „Algild hönnun“ útilokar ekki hjálpartæki fyrir tiltekna hópa fatlaðs fólks, sé þeirra þörf.  
<http://www.althingi.is/alttext/145/s/1637.html>